

Fastvaxtareikningur

Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibú Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#). Um leið og reikningur er stofnaður er valinn ráðstöfunarreikningur sem tekur á móti innstæðu reikningsins í lok binditíma og vextir ráðstafast mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning.

Bæði einstaklingar og lögaðilar mega stofna Fastvaxtareikning. Lögráðamenn geta stofnað reikninginn fyrir hönd ólögráða.

Innborgun

Lágmarksinnborgun við stofnun reiknings er 100.000 kr. Eingöngu er hægt að leggja inn á reikninginn einu sinni, þ.e. við stofnun reiknings.

Binditími

Innstæða á Fastvaxtareikningi er ávallt bundin til ákveðins tíma. Hægt er að velja á milli 1, 3, 6 eða 12 mánaða binditíma sem gildir frá stofnun reiknings. Á binditíma er ekki hægt að taka út höfuðstól reikningsins en greiddir vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru ávallt greiddir inn á ráðstöfunarreikning. Á binditíma er ekki hægt að breyta eða segja upp reikningnum.

Útborgun

Þegar binditíma lýkur er innstæða flutt á ráðstöfunarreikning sem reikningseigandi tilgreinir við stofnun reiknings og Fastvaxtareikningnum lokað.

Þóknanir og skattar

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir. Fjármagnstekjuskattur dregst frá vaxtagreiðslum hverju sinni.

Kjör

Fastvaxtareikningur er bundinn óverðtryggður innlánsreikningur með föstum vöxtum. Að öðru leyti eru kjör á reikningum til nýstofnunar háð ákvörðun bankans hverju sinni. Sjá nánar í [vaxtatöflu Íslandsbanka](#). Þegar innstæða færist á ráðstöfunarreikning við lok binditíma reiknast þeir vextir sem þeim reikningi fylgja á hverjum tíma. Að öðru leyti gilda almennir [skilmálar innlánsreikninga](#).

Annað

Um stofnun Fastvaxtareiknings og meðferð gilda m.a. auk framanritaðs lög og reglur um aðgerðir gegn peningabætti, lögræðislög og önnur ákvæði laga um meðferð fjármuna lögaðila eins og við á hverju sinn